

Nr. 21-013 S 006 Sighvatur GK 57**Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr.nr. 1416
Útgerð: Visir hf.
Smíðaður: Noregur 1975, stál
Stærð: 718,0 bt.
Mesta lengd: 48,87 m Skráð lengd: 44,52 m
Breidd: 8,20 m Dýpt: 4,16 m
Vél: Caterpillar 736 kW, 2017.
Fjöldi skipverja: 14



Sighvatur©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. nóvember 2020 var Sighvatur GK 57 á línuveiðum út af Norðurlandi. Veður: N 20-25 m/s.

Skipverji var að blóðga fisk á rúllunni þegar sjór reið yfir skipið þannig að hann féll og skar sig illa á fingri. Siglt var með slasaða til Siglufjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að fram kom hjá skipstjóra að þetta var venjulegt verklag en slasaði hefði átt að vera í öryggishanska við þessar aðstæður. Eftir atvikið var það sett sem verklagsregla að nota öryggishanska við blóðgun á rúllunni;
- að slasaði sagði að vegna veðuraðstæðna og hreyfingar á skipinu hefði hnífurinn farið í hendi hans. Hann kvaðst vanur þessu starfi og hafði verið á skipinu í u.þ.b. þrjú ár. Fram kom að hann væri enn ekki með tilfinningu í fingrinum u.þ.b. sex mánuðum síðar;
- að samkvæmt skipstjóra hafði áhættumat verið gert fyrir þetta vinnusvæði enda hætta við rúlluna í slæmu veðri.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að slasaði hugði ekki að sér og var ekki með öryggishanska.